

Ársfundur Listaháskóla Íslands 2007

- haldinn í Laugarnesi mánudaginn 10. desember kl. 16.30

19 mættir

1. **Setning fundar.** Formaður stjórnar LHÍ og fundarstjóri, Karólína Eiríksdóttir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Björg Birgisdóttir var skipuð fundarritari.

2. **Yfirlit yfir starfsemi skólans.** Rektor Listaháskólans, Hjálmar H. Ragnarsson, flutti skýrslu sína um áttanda starfsár skólans 2006-2007. Hóf hann mál sitt á því að kynna stjórn skólans, sem fundaði alls 15 sinnum á skólaárinu. Hann fór yfir fjölda nemenda í deildum, fjölda skiptinema, fjölda umsókna, fjölda kennara og annarra starfsmanna skólans. Alls voru 374 nemendur og því voru 0,236 stöðugildi á hvern nemanda eða tæplega einn starfsmaður í fullu starfi fyrir hverja fjóra nemendur. Breytingar hafa orðið á starfsliði skólans. Deildarforseti í tónlistardeild var endurráðinn til þriggja ára, tveir háskólakennarar á sviði þrívíðrar myndlistar voru ráðnir í prófessorsstöður og lektor í leiklistarfræðum var ráðinn í fullt starf. Jafnframt voru ráðnir nýir fagstjórar í hönnunar- og arkitektúrdeild, þrír forstöðumenn stoðsviða og einn þjónustufulltrúi. Nokkrir starfsmenn létu af störfum og voru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Viðurkenning á sviði lista

Ný lög um háskóla tóku gildi 2006 og þá breyttist margt í starfsumhverfi háskóla því þeir þurftu að skilgreina starfsemi sína á nýjan hátt. Samkvæmt lögnum þurfa háskólar að sækja um viðurkenningu á þeim fræðasviðum sem þeir starfa.

Umsókn Listaháskólans um viðurkenningu var eflaust stærsta sameiginlega verkefnið innan skólans á síðasta skólaári. Það þurfti að skrifa ítarlega umsókn og ljúka mörgum verkefnum sem lágu til grundvallar umsókninni. Helstu verkefni sem tengdust umsókninni voru skilgreining á gæðakerfi, frágangur gæðahandbókar, gerð formlegra viðmiða um inntak náms og prófgráður fyrir hverja námsbraut, endurnýjun á stefnuyfirlýsingu skólans og söfnun formlegra gagna, sem voru fylgi- og stuðningsgögn. Það tókst með ótrúlegum hætti að ljúka þessu flókna og mikla verkefni innan þeirra þröngu tímamarka sem skólanum voru sett. LHÍ fellur undir fræðasviðið listir og sótti því um viðurkenningu á því sviði. Umsókn fór til meðferðar í ráðuneytinu og síðan í hendur erlendar nefndar sérfræðinga sem lagði mat á það því hvort skólinn stæði undir þeim kröfum sem menntamálaráðuneytið gerir um rekstur, framsetningu náms og starfsemi háskóla í alþjóðlegu umhverfi.

Síðan fékk skólinn til umsagnar bráðabirgðaskýrslu frá matsnefndinni og ferlinu lauk með álitssgerð sem send var til ráðherra í lok ágúst. Á grundvelli álitssgerðarinnar veitti menntamálaráðherra LHÍ viðurkenningu án skilyrða, sem háskóla á sviði lista, með sérstöku viðurkenningarskjali sem afhent var með athöfn í Listasafni Íslands þann 5. september. Listaháskólinn var þar með fyrsti háskólinn í landinu til að fá viðurkenningu samkvæmt nýjum lögum fyrir heildarstarfsemi sína.

Listaháskólinn gaf út svokallaðan gæðaramma um menntun (e. Qualification

Framework) með lýsingum á viðmiðunum um inntak náms og prófgráður fyrir hverja námsbraut skólans. Í gæðarammanum eru lýsingar á því hvaða þekkingu, hæfni, og færni nemandi skal hafa yfir að ráða í lok náms á viðkomandi braut. (e. Learning outcomes). Helstu stjórnendur skólans komu saman að þessari faglegu vinnu.

Stefnumótun

Stefnumótun átti sér stað síðastliðinn vetur og voru endurskoðuð markmið skólans og stefna. Byggt var á þeirri stefnu sem skólinn setti árið 2004 en breytingar voru á tímasettum markmiðum varðandi uppbyggingu skólans svo sem uppbyggingu náms, þ.m.t. meistaranám, nýjum námsbrautir, uppbyggingu bókasafns, uppbyggingu rannsókna og útgáfustarfsemi. Loks var sett fram sú metnaðarfulla sýn að skólinn verði kominn undir eitt þak 2011. Stefnuyfirlýsing LHÍ frá 2007-2011 var gefin út í sérstökum bæklingi.

Gæðahandbók

Markmið með gæðakerfi skólans er að tryggja gæði þeirrar kennslu og þjónustu sem skólinn veitir. Það er gert með kennslumati, sem felst í rafrænu mati nemenda á öllum námskeiðum skólans og kennslunni, fundum með nemendum, viðhorfskönnunum o.fl. Gefin var út gæðahandbók sem inniheldur helstu verkferla skólans.

Nýjar námsbrautir

Nám hófst á tveimur nýjum námsbrautum innan leiklistardeildar haustið 2005 í fræði og framkvæmd til BA prófs, og eins árs diplómanám í dansi. Strax vaknaði áhugi að auka við námið á dansbraut og náðist samkomulag við ráðuneytið og í haust (2007) hófst nám til bakkalársprófs.

Rannsóknir

Listaháskólinn fékk 10 milljóna framlag frá ríkinu til að standa straum af stofnun rannsóknarþjónustu við skólann og um leið að leggja grunn að þróun rannsókna í listum. Stofnað var nýtt stoðsvið, Rannsóknarþjónusta LHÍ og ráðinn forstöðumaður, Ólöf G. Sigfúsdóttir.

Tillögur til meistaranáms

Tillögur um meistaranám við skólann hafa verið í smíðum undanfarin ár. Fyrir liggur heildarlýsing á meistaranáminu og þar er meðal annars kveðið á um tilgang námsins, uppbyggingu, prófgráður og nemendafjölda. Það hefur gengið hægar en búist var við að koma meistaranámi í framkvæmd en út frá því er gengið að menntamálaráðuneytið geri samning við skólann um greiðslur fyrir ákveðinn fjölda nemendaígilda í hverri braut.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna var mótuð á skólaárinu og var byggt á þeirri reynslu sem skólinn hefur meðal annars varðandi rekstur. Með stefnunni er komin umgjörð um ýmis mikilvæg mál sem lúta að stöðu starfsmanna gagnvart skólanum, ráðningum og starfsþróun, meðferð launa- og kjaramála, öryggi, heilbrigði, samskiptum og miðlun upplýsinga. Mótun starfsmannastefnunnar var unnin í samráði við stjórn starfsmannafélags skólans.

Jafnréttisnefnd

Fyrir rúmlega tveimur árum tók gildi sérstök jafnréttisáætlun innan skólans. Markmiðið var að tryggja jafnrétti karla og kvenna innan háskólasamfélagsins og hvetja til virkrar umræðu um jafnréttismál á öllum sviðum skólastarfsins. Boðað var til hátíðar sem kölluð var „Kynjadagar“ með ýmsum uppákomum og fróðleik sem tengist jafnréttismálum með ýmsum hætti. Hátíðin þótti takast vel.

Kynningar og opið hús

LHÍ kynnir starfsemi sína með ýmsum hætti og tekur meðal annars þátt í kynningum í framhaldsskólum og háskóladeginum. Skólinn heldur opinn dag að hausti þar sem starfsemi skólans er kynnt. Ennfremur gefur skólinn út bæklinga og kynningarefni til fróðleiks fyrir væntanlega umsækjendur.

Helsta kynning skólans felst þó í nemendunum sjálfum, verkefnum þeirra, sýningum, tónleikum o.fl. sem þeir standa fyrir í nafni skólans.

Vefsíða skólans

Vefsíða skólans er ekki komin í það form sem æskilegt er og hefur dregist töluvert.

Bókasafn

Það liggur fyrir ítarleg skýrsla forstöðumanns bóksafns og er gleðilegt að sjá hversu safninu vex fiskur um hrygg á öllum sviðum.

Mötuneyti, verkstæði og tölvusvið

Skólinn rekur nú þrjú mötuneyti og síðast opnaði mötuneyti haustið 2006 í Skipholtí. Nemendur og starfsmenn eru ánægðir með þann úrvalskost sem er í boði. Verkstæði tilheyrta deildum skólans og fer aðsókn þeirra stöðugt vaxandi. Á tölvusviðinu urðu talsverð umskipti á síðasta skólaári og er nú verið að sníða starfseminu að stefnu hins nýja forstöðumanns.

Opinn listaháskóli

Starfsemi opna listaháskólans var með minnsta móti síðasta skólaár og nokkuð óljóst hver verður framtíð hans. Sett hefur verið það takmark að endurskoða hann svo hann geti tekið til starfa aftur.

Húsnæði og framkvæmdir

Listaháskólinn starfar á þremur stöðum og alls er um að ræða um 10.000 m² sem eru að meðaltali 26,8 m² á nemenda. Helstu framkvæmdirnar voru í Laugarnesi síðastliðið sumar þegar innréttað var svæði við hlið mötuneytisins sérstaklega fyrir bókasafnið. Vinnustofur voru færðar til og einnig aðstaða fyrir kennara.

Útskrift skólans

Útskrift skólans fór fram með hátíðarsamkomu þann 2. júní síðastliðinn í Borgarleikhúsinu. Að venju settu listamenn svip sinn á dagskránnu og Sveinn Einarsson hélt hátíðarræðu. Alls útskrifuðust 122 nemendur.

Byggingarmál

Nú hefur verið skrifað undir samning við Samson Properties um byggingu skólans á svokölluðum Frakkastígsreit. Skrifað var undir þann 4. des. síðastliðinn. Stefnt er að því að flutt verði inn árið 2011. Sameiginleg viljayfirlýsing frá borg, ráðuneyti og skóla hafði mikil áhrif á gang mála sem og samningur skólans og ráðuneytisins um húsnæðisframlög til skólans. Nú er húsrýmisáætlun skólans eða þarfagreining á lokastigi og verður hún lögð til grundvallar í hönnunarsamkeppni.

Dansmennt ehf.

LHÍ keypti einkahlutafélagið Dansmennt ehf. vorið 2006 til að reka Listdansskóla Íslands sem áður var rekinn á vegum ríkisins. Skólaárið 2006-07 var fyrsta starfsár Listdans-skólans undir stjórn Dansmenntar. Skólastjóri var ráðinn Lauren Hauser og Jóna Finnsdóttir rekstrarstjóri. Rekstur Listdansskólans gekk mjög vel fyrsta starfsárið, sérstaklega þegar á það er litið að mikil ókyrrð hafði áður ríkt í kringum starfseminu og því marglýst yfir að skólinn væri orðinn ónýtur og starfsemin dauð.

Helstu verkefni framundan

Mörg verkefni eru fram undan og má þar helst nefna: Lokagerð húsrýmisáætlunar, samkeppni um hönnun nýbyggingar í samvinnu við Samson Properties, endurskoðun sammings við ráðuneytið, endurskoðun reiknilíkans fyrir námsbrautir LHÍ, uppstokkun á stjórnkerfi skólans með hliðsjón af ábendingum matsnefndar menntamálaráðuneytis, lokavinnsla við tillögur um meistaranám, tillögur um ljósmyndanáms, tillögur um nám í kirkjutónlist, stofnsetja nám í kvikmyndalist, þróa rannsóknir og uppbyggingu rannsóknarþjónustu og byggja hús.

3) Ársreikningur 2006-7. Framkvæmdastjóri skólans, Jóna Finnsdóttir, kynnti rekstrarreikning og efnahagsreikning skólaársins 2006-7. Reksturinn gekk eftir áætlunum. Tekjur skólans voru um 657 milljónir kr. og gjöldin um 633 milljónir kr. Eigin fjárhagsstaða skólans batnaði um 16 milljónir kr.

4) Skýrsla forstöðumanns kennaranáms. Arnheiður Ösp Karlsdóttir gerði grein fyrir kennaranámi. Alls voru 43 nemendur á síðasta skólaári og síðastliðið vor útskrifuðust 32 nemendur. Tveir fastir starfsmenn störfuðu við námsbrautina, 28 stundakennarar og/eða gestafyrirlesarar og æfingakennarar voru 41. Kennaranám hefur aðstöðu í Laugarnesi og fékk aðstöðuna haustið 2006. Nú í vetur stunda 26 nemendur kennaranám. Nú í fyrsta skipti er nemendum boðið að hefja nám í janúar. Lögð hefur verið fram skýrsla um starfsemi kennaranámsins.

5) Skýrsla deildarforseta. Deildarforsetarnir fjórir, þau Ragnheiður Skúladóttir, forseti leiklistardeildar, Kristján Steingrímur Jónsson, forseti myndlistardeildar, Mist Þorkeldsdóttir, forseti tónlistardeildar, og Jóhannes Þórðarson, forseti hönnunar- og arkitektúrdeildar, fluttu sameiginlega skýrslu um starfsemi deildanna.

Fyrirkomulag náms, kennsluhættir og nemendafjöldi

Ragnheiður fjallaði sérstaklega um námsbrautirnar þrjár innan leiklistardeildarinnar. Námsbrautin fræði og framkvæmd er einstök hvað varðar nám í leiklist á Norðurlöndum. Hún sagði að brautirnar hefðu verið samkeyrðar í annað sinn á síðastliðnu skólaári og ýmsir hnökrar sléttaðir. Námið í deildinni er óvenjulegt sökum þessarar samþættingar. Erlendir kennarar hafa vakið máls á því hversu vel þjálfaðir nemendur dansbrautarinnar eru. Nemendur voru alls 39 og kennd voru 76 námskeið. Sú breyting hefur verið gerð að tekið er inn á allar brautir annað hvert ár. Jóhannes sagði að nám í hönnunar- og arkitektúrdeild hafi verið hefðbundið og alls voru 158 nemendur við deildina. Kennsla fór fram að mestu leyti í Skippholti en nokkur námskeið voru kennd í Laugarnesi. Brotið var blað í sögu íslensku arkitektúrdeildarinnar þegar Anna Sóley Þorsteinsdóttir sem lauk BA prófi frá LHÍ útskrifaðist með meistaraþráðu arkitekt frá Konunglega Arktitekta-háskólanum í Stokkhólmi. Nú eru um 20 fyrrum nemar frá LHÍ í meistaranámi erlendis. Mist sagði að allt nám í tónlistardeild hafi nú í fyrsta skipti farið fram á Sölvhólsgötu. Það fyrirkomulag auðveldaði stundatöflugerð og annað skipulag. Alls stunduðu 71 nemandi nám og fjölmennust var tónsmíðabraut, 30 nemendur. Kennd voru 118 námskeið. Kristján sagði að 80 nemendur stunduðu nám við myndlistardeild og alls voru haldin 70 námskeið. Alls voru 6 samstarfsverkefni í deildinni á skólaárinu. Þau tengdust fyrirtækjum og stofnunum, bæði hér heima og erlendis. Sem dæmi má nefna samstarfsverkefnið Miðbaugur og Kringla sem var norrrænt verkefni um list í opinberu rými. Verkefnið fékk hæsta styrk sem KUNO fékk á síðasta skólaári en KUNO er samstarfsnet norræna listaháskóla.

Kennarar og starfsfólk

Jóhannes gerði grein fyrir því að við hönnunar- og arkitektúrdeild störfuðu tveir próffessorar, fjórir fagstjórar og tæplega sjötíu stundakennarar, þar af 10 erlendir gestakennarar. Einn Fullbright próffessor starfaði við deildina á vorönn. Mist sagði að alls voru 43 kennarar starfandi við tónlistardeildina og þar af voru 15 fastir kennarar. Hún færði Halldóri Haraldssyni sérstakir þakkir fyrir það starf sem hann hefur innt af hendi fyrir deildina en hann varð sjötugur á þessu ári. Hann vinnur nú hlutastarf við deildina. Kristján nefndi að fjórir fastráðnir kennarar væru við myndlistardeildina. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að skilgreina betur auglýstar stöður. Með því að skilgreina betur störf má styrkja starf deildanna og auka sérhæfingu. Starfsmenn verkstæðanna voru fjórir, stundakennarar voru alls 66 og

erlendir gestir 15. Loks nefndi Kristján að kennarar hefðu verið duglegir að fara á ráðstefnur erlendis. Ragnheiður greindi frá því að fastir kennarar við leiklistardeild væru alls 6 auk deildarforseta. Stundakennar voru 31 og þar af 12 erlendir gestakennarar. Allir þökkudu deildarforsetar þeim starfsmönnum sem létu af störfum á árinu og buðu nýja starfsmenn velkomna til starfa.

Sýningar og viðburðir

Mist gerði grein fyrir því að útskriftartónleikar væru fyrirferðamestir í starfsemi deildarinnar og hefðu þeir verið 10. Alls voru haldnir 119 fyrirlestrar og masterklassar. Fjölmargir erlendir gestir komu og miðluðu þekkingu sinni og naut skólinn góðs af styrkjakerfum Erasmus og Nordplus í því sambandi. Tónleikar voru tæplega 60. Á vordögum var haldið námskeið í skapandi tónlistarmiðlun á Litla Hrauni og tókst námskeiðið vonum framár. Sólistakeppni tónlistardeildar í samstarfi við Sinfóníu-hljómsveit Íslands fyrir hljóðfæra- og söngnemendur var haldin í lok október og tveir nemendur LHÍ komust í úrslit. Að venju fóru fyrsta árs nemendur viku námsferð til Ísafjarðar og strengjanemendur tóku þátt í hljómsveitarnámskeiði Swedish National Orchestra Academy (SNOA) en ný yfirstjórn í tónlistarháskóla Gautaborgar hefur formlega óskað eftir áframhaldandi samstarfi. Kristján sagði að 20 opnir fyrirlestrar hefðu verið haldnir og nemendagallerí var rekið fyrri hluta skólaárs við Laugaveg. Nemendur voru í samstarfi við Steingrím Eyfjörð um gerð verks sem sem sýnt var í Feneyjum. Crosskick, samevrópskt sýningarverkefni í Þýskalandi, lauk með stórri sýningu sjö nemenda í Naukircen haustið 2006. Árlegt námskeið var haldið á Seyðisfirði með þátttöku Aurora Borealis í Finnlandi. Auk þess voru haldnar fjölmargar sýningar innan skólans og utan. Útskriftarsýningin var haldin í jarðhúsunum í Ártúnsbrekku og tókst sérlega vel þó framkvæmdin hafi verið nokkuð umfangsmikil. Ragnheiður sagði að Danshöfundasmiðja hefði verið starfrækt í annað sinn í samvinnu við Íslenska dansflokkinn. Þrjár sýningar voru í nemendaleikhúsi síðastliðinn vetur, Hvít Kanína í leikstjórn Jóns Páls Eyjólfssonar og sú sýning var samin af hópnum, Blóðbrúðkaup eftir Fredrico Garcia Lorca í leikstjórn Camillu Bach Mortensen og tónlistin var frumsamin eftir Egil Guðmundsson nemanda í tónlistardeild. Þriðja verkefnið var sett upp í samvinnu við Leikfélag Akureyrar (LA). Verkið, Lífið notkunarreglur, var skrifað, af Þorvaldi Þorsteinssyni og samið sérstaklega með útskriftarhópinn í huga. Kjartan Ragnarsson leikstýrði og tónlistin var samin af Megasi. Á þriðja tug kynninga voru haldnar á skólaárinu. Jóhannes gerði grein fyrir því að nemendur deildarinnar settu upp tískusýningu í apríl á Kjarvalsstöðum, tóku þátt í útskriftarsýningunni í Jarðhúsum ásamt myndlistardeild, og í tengslum við hana var haldin tískusýning í Gvenndarbrunnnum. Hefðbundin námsferð var færð yfir til haustsins og fóru þriðja árs nemendur til Ístanbúl í haust. Hópur fatahönnunarnema fóru til Parísar í starfskynningu í mars.

Samstarf

Kristján nefndi að myndlistardeild væri í ýmis konar samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og skóla hér á landi og erlendis, að ógleymdu samstarfi á milli deilda skólans. Sem dæmi um samstarf nefndi hann verkefnið Dynonisia sem var samstarf allra deilda skólans. Hugmyndin kom frá nemendum, þeir skipulögðu vinnustofudvöl og listviðburði ólíkra listgreina í samstarfi við sveitarfélög á landsbyggðinni. Vel tókst til og sýnir að um leið og nemendur sækja í hið alþjóðlega umhverfi listanna vilja þeir kynnast og vinna með landi og þjóð. Ragnheiður gerði grein fyrir samstarfi tónlistardeildar og leiklistardeildar. Nemendur hönnunardeildar hönnuðu plaköt og leikskrár fyrir sýningar nemendaleikhússins. Af samstarfi við aðrar stofnanir er helst að nefna örleikritakeppni framhalds-skólanna sem deildin stóð fyrir í samvinnu við fræðsludeild Þjóðleikhússins, samstarf við LA með nemendaleikhússýningu. Leiklistardeildin er mjög virkur þátttakandi í neti leiklistarskólanna á Norðurlöndum, NORTEAS. Jafnframt er

dansbrautin mjög virkur þátttakandi í tveimur NordPlus netum DAMA (Dance And Media Art) og EMD (Explorations in Music and Dance) og þátttaka í þessum netum hefur nýst bæði nemendum og kennurum dansbrautar og tónlistardeildar. Jóhannes sagði frá samstarfi við aðra háskóla bæði innlenda og erlenda. Cirrus eru samtök hönnunarskóla á Norðurlöndunum og Eystrasaltslandanna, og deildarforseti sótti ársfund samtakanna sem haldinn var í Vilnius í Litháen í október 2006. Á þeim sama fundi var haldinn fundur í Nordisk Arkitekturakademi, sem eru samtök 12 arkitektaskóla á Norðurlöndum. Haldinn var markaðskúrs undir vinnuheitinu Markaður og form í samstarfi við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2006. Námskeiðinu lauk með hönnunarmaræðni í Hafnarhúsinu undir heitinu Rjómi 2006 og sóttu um 1200 manns maræðnið sem stóð yfir einn laugardag. Mist taldi það gleðilega hefð sem skapast hefur milli tónlistar- og leiklistardeildar að fá tónsmíðanema til að semja tónlist við verk nemendaleikhússins. Fyrirferðarmesta samstarfsverkefni deildarinnar hefur verið European Joint Music Masters for New Audiences and Innovative Practice. Er þetta verkefni nú á lokastigum, stefnt er að því að prufukeyra nokkur námskeið næsta ár, og hefur reglubundið nám í öllum samstarfsskólum haustið 2009.

Nemendur fara í síauknum mæli sem skiptinemar erlendis og einnig koma erlendir skiptinemar í skiptinám í LHÍ. Allar deildirnar eru í töluverðu samstarfi við aðra skóla og stofnanir bæði hérlendis og erlendis, sem og fagfélög og alþjóðleg samtök listaháskóla. Fer slíkt samstarf vaxandi með árunum og verður æ mikilvægara í skólasterfinu.

Umbætur á húsnæði

Kristján gerði grein fyrir því að töluverðar breytingar hafa átt sér stað á húsnæði skólans á undanförunum árum. Deildarforsetar hafa verið tíðir gestir hjá framkvæmastjóra skólans með alls kyns tillögur um breytingar. Nýjustu breytingarnar áttu sér stað í sumar í Laugarnesi. Þar var búið til torg, svokallað Rauða torg, þar sem dagsljós nær að teygja sig inn í hið mikla dökka musteri sem Laugarnesið var. Bókasafn myndlistardeildar var flutt og er nú hluti af þessari nýju ásýnd birtu og gleði.

Sameiginleg framtíðarsýn

Mist sagði frá því að síðasta skólaár var undirlagt af undirbúningi fyrir háskólaviður-kenninguna. Því vilja allir deildarforseta þakka kennurum og starfsfólki deildanna sérstaklega fyrir ötula og jákvæða vinnu í þessu sambandi. Á vormánuðum komu þær gleðifréttir að lóða- og byggingarmál skólans væru senn í höfn og deildirnar hafa verið uppteknar af því að ljúka þarfagreiningu fyrir nýbyggingu skólans. Deildarforsetar og rektor fóru í ferð til Hollands í október s.l. til að skoða nýbyggingar háskóla á sviðum lista. Samningur um nýbyggingu var síðan undirritaður í byrjun desember og deildarforsetar færa Jónu Finnsdóttur sérstakar hamingjuóskir fyrir þrautseigju og framgöngu í samningaviðræðum.

En nú er meistaranám komið á oddinn. Það er ekki eingöngu mikilvægt að hefja meistaranám, heldur nauðsynlegt. Með tilkomu rannsóknarþjónustu hefur skapast enn meiri ástæða fyrir því að hefja rannsóknartengt nám. Erlend samstarfsverkefni miða að námi á meistarastigi í síauknum mæli, og nú veita Nordplus netin umsóknnum um nemenda- og kennaraskipti á meistarastigi forgang. Það þarf ekki að taka fram hversu alvarlegt það væri fyrir LHÍ að missa slíkt samstarf.

Að lokum nefndi Mist að nú í janúar hefur í fyrsta sinn verið skipulagt sameiginlegt námskeið deildanna þar sem unnið verður með sameiginlegt þema í blönduðum hópum sem leiddir verða af ýmsum listamönnum. Má segja að hér sé um fyrsta vísu að væntanlegu sameiginlegu meistaranámi skólans

að ræða, spennandi tilraun sem vonandi fær bæði tíma og aðstöðu til að þróast.

Eftir að deildarforsetar höfðu lokið máli sínu kallaði fundarstjóri eftir fyrirspurnum eða umræðum:

Fyrirspurn: Hvaðan koma efasemdir um meistaranám við Listaháskólann?

Hjálmar H. Ragnarsson: Efasemdirnar koma frá sérfræðinefnd sem gerði úttekt á LHÍ. Sérfræðinefndin taldi að efla þyrfti skólann og rannsóknarþjónustu áður en hægt væri að hefja meistarnám.

Fyrirspurn: Nú er talað um að fresta því að hefja meistarnám til haustsins 2009. Hvaða atriði geta komið í veg fyrir að meistarnám geti hafist 2008?

Hjálmar H. Ragnarsson: Nú þegar eru komin fjárlög fyrir árið 2008 og þar er ekki gert ráð fyrir rekstri meistaranáms. Þar sem meistaranám er ekki á fjárlögum þá þyrfti að taka fjármagn frá öðrum liðum úr rekstri skólans. Listaháskólinn þarf aukið fjármagn til að reka meistaranám. Nú þarf að sannfæra ráðuneyti um mikilvægi meistaranáms og leggja áherslu á fáar brautir. Þegar námið hefst þarf að auglýsa það glæsilega. Það er verkefni næstu mánaða að ljúka þessari vinnu.

Ekki voru fleir fyrirspurnir og fundi var slitið klukkan 18.25